AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingu.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 m^2 og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús kr. 397.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús kr. 1 140.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 139 000.00.

Hús 300—2000 m^3 kr. 139 000.00 fyrir hverja 300 m^3 og kr. 104.00 fyrir hvern m^3 þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 312 000.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 87.00 fyrir hvern m^3 þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 14 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1977. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.